

## Ávarp Eyþórs Harðarsonar, bæjarfulltrúa

Bæjarstjórn 3.júlí 2023

Á þessum tímamótum renna margar minningar og sögur í gegnum huga landsmanna sem upplifðu eldgosið í Vestmannaeyjum á einn eða annan hátt.

Stutta útgáfan af sögunni er sú að eldgosið breytti lífi okkar allra.

Það er ómögulegt að ímynda sér stöðuna í Vestmannaeyjum í dag ef ekki hefði komið til þessara hamfara.

Allavega í mínu tilviki þá ætti ég ekki mína eiginkonu og börn og barnabörn !

Ég held ég geti fullyrt að fyrir krakka á mínum aldri, þá snerist gosið í byrjun um tímabundna truflun frá eðlilegu lífi.

Við vorum bara að flytja uppá land í smá tíma á meðan þetta gengi yfir.

Því miður þróaðist gosið á annan veg. Fjölskyldur þurftu að koma sér fyrir og hefja nýtt líf á fastalandinu vegna óvissu um búsetu í Eyjum í framtíðinni.

Sem betur fer fyrir okkur – var mannskapur í Eyjum sem gafst aldrei upp og stjórnvöld studdu við þá hugmynd að Vestmannaeyjar skildu rísa.

Atvinnulífið og þá helst sjávarútvegurinn gekk í gegnum erfiða og krefjandi tíma á meðan eldgosinu stóð.

Svo leið tíminn og gosið blásið formlega af þann 3.júlí 1973. Í hönd tók við það erfiða verkefni og áskorun að byggja upp og hreinsa bæinn.

Fyrir marga eyjamenn var gostíminn of langur og eignatjónið orðið það mikið að það kom ekki til greina að flytja aftur til Eyja – hefur það örugglega reynst mörgum erfið ákvörðun.

Í tilviki minnar fjölskyldu var það ekki augljóst mál að flytja aftur heim eftir eitt og hálf ár á höfuðborgarsvæðinu.

En foreldrar mínir komust sem betur fer að þeirri niðurstöðu, og í framhaldi fluttum við í sama hús og við flúðum örlaganóttina miklu.

Einn þáttur sem hefur sjaldan verið haldið á lofti er framlag mæðranna á þessu tímabili.

Þegar árin liðu þá gerði ég mér betur grein fyrir því hve vanmetið það hefur verið, í öllu þessu sem fylgdi því að aðlaga sig á nýjum slóðum með börnin, koma þeim í nýja skóla osfr.

Það má þakka almættinu fyrir þá hönnun og löggun á innsiglingu hafnarinnar sem er í dag ein skjólbesta höfn landsins – mannfólkið hjálpaði eitthvað við þá vinnu svo því sé haldið til haga.

Ég fullyrði að margir okkar titlar í íþróttum síðustu árin hafa orðið að veruleika vegna þess að leikmenn fengu beint í æð þá sögu frá gostímanum þegar eyjamenn mokuðu og mokuðu, og hættu ekkert að moka fyrr en verkefnið kláraðist – við getum ímyndað okkur hugarfarið hjá íþróttamönnum á ögurstundu með þessa sögu að leiðarljósi.

Af öllum þeim atriðum sem ég hef nefnt hér á undan er hægt að skrifa langar ritgerðir og margt nú þegar verið skráð.

Ég hefði auðveldlega getað stiklað á fleirri málum í svona upprifjun, en þetta er það sem kom upp í hugann.

Það er staðreynd að aðfararnótt 23.janúar 1973 urðu til þúsundir mismunandi sagna af þessum atburði og lokaorðin ekki sögð í öllum tilvikum.